



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans við Sund
2009

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Almennar upplýsingar	6
2. Markmið.....	6
3. Aðgerðaáætlun	8
4. Nemendakönnun.....	9
5. Starfsmannaviðtöl	12
6. Mat á stjórnendum MS	12
7. Starfsmannakönnun	12
8. Námsárangur nemenda.....	16
9. Starfendarannsóknir	17
10. Sjálfsmat nemenda - stöðumat.....	18
11. Tölulegar upplýsingar	18
12. Viðhorf og þekking nemenda í 1. bekk á menningu MS.....	19
13. Mat á tilraun um lotunám	21
14. Starfshópar	22
15. Sjálfsmat og árangurstenging launa	23
16. Áætlanir og úttektir á húsnæði og aðbúnaði	24
Lokaorð	25

Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi framhaldsskóla og kveðið er á um það í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Menntaskólann við Sund (MS). Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er nú gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Ennfremur er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá meðfylgjandi töflu.

Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára

Tímaáætlun einstakra sjálfsmatsþátta

Sjálfsmatsþáttur	Vorönn 2010	Haustönn 2010	Vorönn 2011	Haustönn 2011	Vorönn 2012	Haustönn 2012
Aðgerðaáætlun skólans						
Sjálfsmatsáætlun skólaárs						
Nemendakönnun						
Starfsmannaviðtöl rektors						
Starfsmannakönnun						
Mat á stjórnendum						
Mat á raunmætingu						
Viðhorf og þekking nemenda í 4. bekk						
Námsárangur nemenda						
Sjálfsmat nemenda						
Starfendarannsókn						
Breytingastofa						
Fundir stjórnenda og kennara faggreina						
Mat á tilraun um lotunám						
Mat á lotubundnu bekkjarkerfi						
Mat á nýrri skólanámskrá						
Starfshópar um þróun skólstarfs						

Haustið 2008 lét menntamálaráðuneytið gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans. Niðurstaðan er sú að aðferðirnar eru fullnægjandi og í niðurstöðu úttektarinnar segir: "Menntaskólinn við Sund uppfyllir bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmatsins. Ráðuneytið fagnar þessum góðu niðurstöðum."

Í greinargerð úttektaraðila sem ráðuneytið fékk til að framkvæma úttektina segir meðal annars.

Á fundi með kennurum kom í ljós mikil ánægja þeirra með sjálfsmatsferlið. Kennarafundir eru markvisst nýttir til að greina og ræða niðurstöður gagnaöflunar. Kennarar nýta sér meir og meir sjálfsmatið til endurgerðar námskeiða. Þeir horfa í dag til þess að innleiða fleiri aðferðir til að auka enn fjölbreytni sjálfsmatsins, eins og jafningjamat, video upptökur úr kennslu og fleira. Sömu sögu er að segja af nemendum. Þeir eru ánægðir með aðkomu sína að sjálfsmatinu. Ef eitthvað hefðu þeir áhuga á enn frekari útvíkkun greininga vegna sjálfsmatsins.

Og einnig segir:

Sjálfsmatið tekur til allra helstu þátta í skólastarfinu og í stuttu máli má segja að staða sjálfsmats við skólann sé fullnægjandi og í mjög góðum farvegi. Vel er staðið að undirbúningi, markmiðssetningu, úrvinnslu og nýtingu á niðurstöðum. Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gefin út og er opinber á heimasíðu skólans. Athygli vöktu öflugar starfendarannsóknir við skólann.

(Unnar Hermannsson, Ásrún Matthíasdóttir og Þróstur Ólafur Sigurjónsson: Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Menntaskólanum við Sund á haustmisseri 2008.)

Árið 2009 var Ósa Knútsdóttir fagstjóri í dönsku verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skóla stýrir sjálfsmatsvinnunni en í honum eru verkefnisstjóri, konrektor, 2-4 fulltrúar kennara og 2-3 fulltrúar nemenda. Starfshópin skipuðu, auk Ósu Knútsdóttur, þau Fanný Ingvarsdóttir fagstjóri í frönsku, Oddgeir Eysteinnson íslenskukennari og nemendurnir Eva Sól Jakobsdóttir 3. T, Hólmfríður Helgadóttir 4. T og Atli Örn Egilsson 3. T á vorönn 2009 en á haustönn 2009 voru fulltrúar nemenda þau Atli Örn Egilsson 4. T, Eva Sól Jakobsdóttir 4. T og Hilmar Freyr Kristinsson 2. G. Sigurrós Erlingsdóttir konrektor var í hópnum á vorönn 2009 en Hjördís Þorgeirsdóttir konrektor, á haustönn 2009.

Penelope Lisi, fræðimaður á sviði mats og skólastjórnunar við Central Connecticut State University kom í heimsókn bæði á vorönn og haustönn 2009 til að veita ráð um mat á skólastarfi við MS og stjórnendur MS tóku einnig þátt í sameiginlegum fundi hennar með skólastjórnendum MH, MR, MA og Flensborgar á báðum önnum.

Á næstu síðu er yfirlit yfir sjálfsmat í MS og hverjir sjá um það.

Matsþáttur	Hvað er skoðað?	Hverjir undirbúa?	Lagt fyrir hverja?	Hvernig er gagna aflað?	Hverjir framkvæma?	Úrvinnsla gagna?	Hvað er gert við niðurstöðurnar?	Hversu oft gert?
Námsrángur	Meðaltal. Dreifing og staðalfrávik einkunnna í hverjum áfanga. Dreifing einkunnna innan námsgreina eftir bekkjum. Meðaltal einkunnna í áföngum eftir kyni.	Kennarar.	Alla nemendur skólans.	Með námsmati kennara.	Allir kennarar skólans.	Konrektor í Excel.	Kynnir á kennarafundi. Ræddar á fagfundum og niðurstöður þeirrar umræðu kynnt á kennarafundi. Heildin kynnt á heimasíðu MS.	Einu sinni á önn.
Nemendakönnun	Mat á gæðum kennslu.	Sjálfsmats-hópur.	Alla nemendur skólans.	Könnun á Námsnetinu.	Konrektor og umsjónarkennarar.	Námsnetið og konrektor í Excel.	Sendar til viðkomandi kennara. Allar niðurstöður sendar til rektors. Grundvöllur að starfsmanna viðtali við rektor. Heildin birt á heimasíðu.	Einu sinni á önn.
Starfsmanna-könnun	Viðhorf til skipulags skólastarfs. Starfsandi, vinnuaðstæður, líðan og stefnumótun.	Sjálfsmats-stjóri og stjórnendur.	Alla starfsmenn skólans.	Skrifleg könnun	Sjálfsmatsstjóri.	Konrektor í Spurni.	Kynnir á starfsmannafundi. Nýttar af stjórnendum til umbóta á skólastarfi.	Árlega í maí.
Mat á stjórnendum	Mat á störfum rektors, konrektors og kennslustjóra.	Sjálfsmats-hópur.	Alla starfsmenn skólans.	Skrifleg könnun	Sjálfsmatsstjóri.	Sjálfsmats-stjóri í Excel.	Sendar til stjórnenda.	Árlega í maí.
Sjálfsmat nemenda	Viðhorf nemenda til námsins, námsvevju og heimanám.	Sjálfsmats-hópur.	Alla nemendur skólans.	Könnun á Námsnetinu	Konrektor og umsjónarkennarar.	Námsnetið og konrektor í Excel.	Sendar til umsjónarkennara sem kynna og ræða niðurstöðurnar í sínum umsjónarþekki. Heildin kynnt á heimasíðu skólans.	Tilfallandi vorönn 2006 og vorönn 2007. Óákveðið um framhald.
Sjálfsmat nemenda-stjórnmat	Viðhorf nemenda til eigin námsframmistöðu.	Stjórnendur.	Nemendur í 2. bekk. Þá sem þjónustan nær til.	Skrifleg könnun	Stjórnendur eða umsjónarkennarar.	Sett í Innu.	Birt á stóðumatsblaði nemenda við hlið kennaramats.	Árlega á haustönn.
Starfenda-rannsókn	Eigin starfshættir.	Stjórnendur.	Fjölbreyttar aðferðir	Fjölbreyttar aðferðir	Starfsmenn.	Starfsmenn á fjölbreyttan hátt.	Starfsmenn nýta þær fyrir umbætur og þróun í sínu starfi.	Lífsstíll.
Mat nemenda á MS Stjórnendur og sviðstjórar sitja fyrir svörum	Hverju viltu breyta í MS?	Stjórnendur.	Nemendur.	Skrifleg könnun	Stjórnendur.	Konrektor í Word.	Kynnir sviðstjórum og að hluta til kennurum og öðrum viðeigandi aðilum. Aðgerðaaættun um úrbætur er unnin af rektor.	Árlega einhver árgangur.
Mat á þemadögum	Viðhorf nemenda til þemadaga.	Stjórnendur.	Nemendur.	Á fundum með nemendum	Stjórnendur.	Fundarritari og stjórnendur.	Nýtt til að bæta skipulag þemadaga.	Árlega.
		Stjórnendur.	Nemendur.	Námsnetið	Stjórnendur.	Konrektor í	Verkefnisstjóri og starfshópur.	Árlega.

1. Almennar upplýsingar

MS býður upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á þremur brautum, málabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut, samkvæmt skólasamningi við mennamálaráðuneytið.

Á vorönn 2009 voru nemendur samtals 714, 362 drengir og 352 stúlkur. Skipting á námsbrautir var þannig að 84 nemendur voru á málabraut, 303 á félagsfræðabraut og 327 á náttúrufræðibraut. 128 stúdentar voru útskrifaðir á vorönn 2009, 66 stúlkur og 62 piltar. Hæstu einkunn á stúdentsprófi fékk Hólmfríður Helgadóttir, 9,6. Haustið 2009 voru nemendur samtals 771, 374 piltar og 397 stúlkur. Skipting á námsbrautir var þannig að 88 nemendur voru á málabraut, 352 á félagsfræðabraut og 331 á náttúrufræðabraut. Athygli vekur breyting á kynjahlutfalli nemenda sem mögulega má rekja til þess að inntaka nemenda byggðist nú á skólaeinkunnum en ekki einkunnum úr samræmdum prófum og reynsla okkar er að kynjamunur á skólaeinkunnum er meiri stúlkum í vil heldur en á samræmdum prófum. Nánari upplýsingar um skiptingu nemenda eftir bekkjum, námsárum, kjörsviðum og kyni er að finna á heimasíðu MS.

Á vorönn 2009 var starfsfólk samtals 70, þar af 34 konur og 36 karlar. Á haustönn 2009 var starfsfólk samtals 67, þar af 36 konur og 31 karl. Kennarar voru alls 54, en aðeins 49 virkir á haustönn 2009 þar sem 2 voru í námsleyfi, 2 í launalausum leyfi og 1 í fæðingarorlofi. Á þjónustusviði eru samtals 13 starfmenn, þar af 9 konur og 4 karlar. Stjórnendur eru 3, námsráðgjafar 2, á bókasafni starfa 2, á skrifstofu 3 og umsjón með húsnæði 3.

2. Markmið

Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli með bekkjarkerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs. Nemendur eru saman í bekk í langflestum námsgreinum. Það er markmið skólans að bjóða nemendum aðeins það

besta, góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru. Þá leggur skólinn sérstaka áherslu á að vera í fremstu röð hvað varðar náttúrufræðikennslu. Markmiðum sínum ætla skólinn að ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna, leggja áherslu á góða kennslu og fjölbreytta kennsluhætti.

Unnið er að breytingum á því kerfi sem skólinn hefur starfað eftir með það að leiðarljósi að auka sveigjanleika bekkjarkerfisins, bæta námsumhverfi og námsárangur nemenda. Niðurstöður ýmissa kannana undanfarin ár hafa sýnt að efla þarf þátttöku og vinnuanda nemenda, bæta skólasókn og gera nemendur ábyrgari í námi (sjá t.d. kaflann um starfsmannakönnun). MS stefnir að því að ná fram meiri sveigjanleika í skólastarfi, aukinni virkni og ábyrgð nemenda með lotubundnu bekkjarkerfi þar sem áhersla verður lögð á verkefnatengt nám og samþættingu námsgreina.

Skólinn leggur áherslu á:

- Nemendavænt umhverfi.
- Fjölbreytta kennsluhætti og öflugt þróunarstarf.
- Góðan starfsanda.
- Góðan undirbúning fyrir háskólanám og faglega ráðgjöf.
- Góðan og nútímalegan aðbúnað til náms og kennslu.
- Alþjóðlegt samstarf nemenda og kennara.
- Virkt sjálfsmat.
- Aðstoð við nemendur með námsörðugleika.
- Sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Öflugt félagslíf nemenda og virkt forvarnarstarf.

3. Aðgerðaáætlun

Árlega setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem tilgreint er að hvaða markmiðum skuli stefnt á skólaárinu og til hvaða aðgerða eigi að grípa til að ná settum markmiðum (sjá nánar á heimasíðu skólans).

Á vorönn 2009 var unnið að eftirfarandi meginmarkmiðum undir yfirskriftinni *Við breytum til að bæta*:

1. Vinna að mótun framtíðarsýnar og nýs skipulags til hagsbóta fyrir skólastarfið
2. Aðlaga skólastarfið að nýjum lögum
3. Styrkja umhverfisstefnu skólans
4. Auka áhuga, virkni og ábyrgð nemenda
5. Efla faglegt starf innan og milli faggreina
6. Nota sjálfsmat sem grundvöll til úrbóta í skólastarfi

Á sviði sjálfsmats var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Matshópur starfi áfram
- Þróa Námsnetið fyrir viðhorfskannanir
- Halda nemendakönnun bæði á haust- og vorönn
- Nýta áfram starfsrýni sem lið í sjálfsmati
- Stjórnendur funda með kennurum faggreina
- Starfsmannaviðtöl rektors

Á haustönn 2009 var unnið að eftirfarandi meginmarkmiðum undir yfirskriftinni *styrkjum og eflum nemandann til náms*:

1. Vinna að mótun nýrrar skólanámskrár
2. Smíða lotubundið bekkjarkerfi
3. Efla umhverfisvitund
4. Auka virkni og ábyrgð nemenda
5. Efla þverfaglegt samstarf
6. Nýta sjálfsmat til skólaþróunar

Á sviði sjálfsmats var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Matshópur starfi áfram
- Mat á tilraun um lotukerfið
- Þróa Námsnetið fyrir viðhorfskannanir
- Leggja nemendakönnun fyrir í nóvember
- Þróa áfram starfsrýni/starfendarannsóknir
- Stjórnendur funda með kennurum faggreina á haustönn
- Starfsmannaviðtöl rektors á vorönn

4. Nemendakönnun


Könnun á gæðum náms og kennslu var lögð fyrir alla nemendur skólans 16.-29. mars 2009 og 5.-11. nóvember 2009. Könnunin var lögð fyrir nemendur á Námsnetinu, innra námskerfi skólans. Í mars svöruðu 560 nemendur könnuninni eða 78% nemenda skólans. Í nóvember svöruðu 621 nemendur könnuninni eða 81% nemenda skólans. Heildarniðurstöður úr nemendakönnunum eru kynntar á heimasíðu skólans. Niðurstöður hvers kennara eftir bekkjum og samanburður við árgang og heildina eru sendar til hvers kennara eftir annarlok. Næsta nemendakönnun verður í nóvember 2010.

Kennarahópurinn kemur mjög vel út úr nemendakönnunum og hefur einnig gert það á undanförunum árum. Heildarmeðaltalið bæði vor og haust 2009 er 3,9 á skala þar sem 1 er lægst og 5 er hæst. Þeir þættir sem fá hæsta meðaltalið eru stundvísi, undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir og viðmót kennarans gagnvart nemendum. Lægsta meðaltalið fá kennarar fyrir fjölbreytni í kennsluaðferðum, samráð við nemendur um kennsluaðferðir og hve vel tekst að vekja áhuga nemenda.

Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaáætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannaviðtölum rektors við kennara. Á meðfylgjandi mynd má sjá meðaltal fyrir hvern þátt og heildina úr nemendakönnunum á vorönn 2009 og haustönn 2009 sem og samanburð á nokkrum þáttum við niðurstöður fyrri ára.




Niðurstöður nemendakönnunar MS vorönn 2009





Niðurstöður nemendakönnunar MS haustönn 2009



Samanburður á völdum spurningum milli ára

	Meðal- tal 1999	Meðal- tal 2004	Meðal- tal 2005	Meðal- tal 2006	Meðal- tal 2007	Meðal- tal vor 2008	Meðal- tal haust 2008	Meðal- tal vor 2009	Meðal- tal haust 2009
Niðurstöður nemendakönnunar									
Undirbúningur kennarans fyrir kennslustund	3,9	4,1	4,2	4,1	4,2	4,2	4,2	4,2	4,1
Stjórn kennarans á bekknum	3,5	3,7	3,8	3,7	3,8	3,9	3,9	3,9	3,9
Samráð kennara við nemendur um kennsluaðferðir	3,3	3,6	3,6	3,5	3,5	3,5	3,6	3,7	3,6
Hvernig kennaranum tekst að vekja áhuga nemenda	3,2	3,5	3,6	3,6	3,6	3,5	3,7	3,7	3,7
Stundvísi kennarans	4	4,2	4,3	4,3	4,3	4,2	4,3	4,3	4,3
Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar	3	3,4	3,4	3,4	3,5	3,5	3,6	3,6	3,6
Heildin, meðaltal allar spurningar	3,5	3,8	3,9	3,8	3,8	3,9	3,9	3,9	3,9

5. Starfsmannaviðtöl

Stefna skólans er að boða alla starfsmenn í starfsmannaviðtal annað hvert ár en nýja starfsmenn á hverju ári. Starfsmannaviðtöl voru við nýja starfsmenn á vorönn 2009. Starfsmenn eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, þar sem þeir lýsa meðal annars helstu styrkleikum og veikleikum sínum í starfi og benda á það sem betur má fara, áður en viðtal fer fram. Í starfsmannaviðtölum ræðir rektor við starfsmenn um líðan, starfsaðstæður og árangur í starfi.



6. Mat á stjórnendum MS

Á starfsdögum vorannar 2009 var árleg könnun lögð fyrir starfsmenn MS þar sem þeim gafst kostur á að meta gæði stjórnunar í skólanum. Lagt var mat á störf rektors, konrektors og kennslustjóra. Verkefnisstjóri um sjálfsmat vinnur úr niðurstöðunum og eru þær síðan eingöngu sendar til viðkomandi stjórnanda. Fyrstu 17 spurningarnar eru þær sömu fyrir alla og fjalla almennt um stjórnunaraðferðir og síðan koma 2 spurningar sem snúa sérstaklega að starfi viðkomandi stjórnanda.



7. Starfsmannakönnun

Á starfsdögum vorannar 2009 var árleg könnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans. Þar voru könnuð viðhorf þeirra til skipulags skólastarfsins, nýjunga í starfinu, vinnuaðstæðna og starfsanda, stefnumótunar og framtíðarsýnar. Samtals tóku 36 starfsmenn þátt í könnuninni. Könnunin var nú framkvæmd á Námsnetinu í fyrsta skipti og gafst það fyrirkomulag vel og auðveldaði úrvinnsluna. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar á skólafundi í upphafi haustannar 2009.


Meðal styrkleika má nefna að 95% starfsmanna telja starfsandann oft eða mjög oft góðan og 91% telja samstarfsfólkið oft eða mjög oft jákvætt og hvetjandi eins og sjá má á eftirfarandi tveimur myndritum. Árin 2006 og 2008 töldu um 90% starfsmanna starfsandann góðan en árin 2004, 2005 og 2007 voru heldur færri, eða um 75% sem töldu starfsandann góðan.




Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á skólastarfinu í MS haustið 2010 en þá verður tekið upp nýtt lotubundið bekkjarkerfi og ný skólanámskrá innleidd sem tekur mið af nýjum framhaldsskólalögum sem samþykkt voru á Alþingi 2008. Starfsmenn voru spurðir um viðhorf sín til þessara breytinga og í ljós kom að 75% starfsmanna voru frekar eða mjög hlynntir þessum breytingum og 67% telja að þær muni auka gæði kennslunnar mjög eða frekar mikið.



Ein veigamesta breytingin í nýrri skólanámskrá er aukin áhersla á verkefnatengt nám og lofar það mjög góðu fyrir innleiðingu þeirrar breytingar að sjá að langflestir starfsmenn eða 86% telja að leggja beri mjög eða frekar mikla áherslu á verkefnatengt nám.



Dæmi um veikleika í MS er að aðeins 32% kennara eru frekar eða mjög ánægðir með hvernig tekið er á agamálum í skólanum en 54% kennara eru frekar eða mjög óánægðir með það eins og eftirfarandi myndrit sýnir. Miklar umræður hafa verið um agamál undanfarin ár og eru vonir bundnar við að aukin áhersla á verkefnatengt nám í nýju lotubundnu bekkjarkerfi muni auka námsáhuga nemenda og agann í skólastarfinu.




Starfsmannakönnun MS 2009

8. Námsárangur nemenda


Í lok hverrar annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal, dreifing og staðalfrávik) um námsárangur nemenda í skólanum í heild, í hverjum námsáfanga, í hverjum bekk eftir námsgreinum og eftir kyni í hverjum námsáfanga. Einnig eru teknar saman tölur um fall í aðaleinkunn eftir bekkjum og námsárum. Þessar niðurstöður voru ræddar á kennarafundum og fagfundum í janúar og maí 2009. Farið var yfir niðurstöðurnar í greininni og þær bornar saman við fyrri ár og skyldar greinar. Ennfremur ræddu kennarar niðurstöður haustannarprófa 2008 í sínum umsjónarbekk í byrjun vorannar 2009 og rektor og konrektor ræddu niðurstöðurnar við nemendur í hverjum bekk á 3. og 4. námsári á árlegum fundum sínum með hverjum bekk.

Heildarmeðaltal einkunnna í öllum áföngum breytist ekki mikið milli ára og var það 6,4 á vorönn 2009 og 6,5 á haustönn 2009. Heildarhlutfall nemenda með fall í aðaleinkunn hefur lítið breyst á undanförunum árum, en sú breyting varð á haustönn 2009 að fall var minna í 1. og 2. bekk en undanfarin ár en jókst þá að sama skapi í 3. og 4. bekk. Sjá meðfylgjandi súlurit.





Fall í aðaleinkunn haustönn 2009



Um miðja haustönn mátu kennarar stöðu nemenda í fyrsta og öðrum bekk og fengu allir nemendur afhent stöðumatsblað, sem og forráðamenn ólögráða nemenda. Stöðumatinu er ætlað að hjálpa nemendum að glöggva sig á stöðu sinni þegar um miðja önn þannig að þeim gefist tækifæri til að bæta sig fyrir lok annarinnar.

9. Starfendarannsóknir

Á vorönn 2009 var einn 11 manna hópur um starfendarannsóknir. Að auki voru allir kennarar sem kenna erlend tungumál í vettvangsnámi skólaárið 2008-2009 og þar lögðu þeir meðal annars stund á starfendarannsóknir. Á haustönn 2009 var einn 18 manna hópur um starfendarannsóknir sem vinnur að sérstöku þróunarverkefni undir heitinu Breytingastofa. Þar fara fram markvissar umræður um sögu kennsluhátta í MS, togstreitu og mótsetningar í kennsluháttum í nútímanum og framtíðarmöguleika í kennslu og námi í MS. Markmiðið er að finna út hvernig við getum bætt námsárangur og aukið fjölbreytni og sveigjanleika í kennslu og námi í MS. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Markmið starfendarannsókna er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfshætti sína með því að gera rannsókn, ígrunda starf sitt og fara í jafningjamat. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. MS-ingar hafa birt greinar um starfið bæði í tímaritinu Uppeldi, í Skólavörðunni og á Netlu. Á haustönn 2009 kynntu fulltrúar frá MS þetta starf á haustþingi SAMNOR á Akureyri, í vettvangsnámi list- og verkmenntakennara, á fundi hjá Matsfræðingafélagi Íslands og í kennslufræðinámi á menntavísindasviði HÍ.

Faglegur ráðgjafi í starfendarannsóknum við MS er Hafþór Guðjónsson dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ársskýrslur um starfið, kynningar og ýmsar aðrar upplýsingar um verkefnið eru á heimasíðu MS undir fræðsluefni.

10. Sjálfsmat nemenda - stöðumat

Sjálfsmat nemenda var lagt fyrir alla nemendur á öðru námsári í þriðja sinn. Það var gert þannig að á stöðumati á haustönn 2009 var nemendum í 2. bekk gert að meta stöðu sína í öllum námsgreinum. Þetta var gert samhliða því að kennarar mátu nemendur á sama skala, eða Ó (ófullnægjandi), V (viðunandi), G (gott). Markmiðið með sjálfsmati er að auka meðvitund annars bekkinga um ábyrgð sína á náminu. Stöðumat mun leggjast niður með lotubundnu bekkjarkerfi.

11. Tölulegar upplýsingar


Ýmsum tölulegum upplýsingum er safnað og þær greindar í þeim tilgangi að leggja mat á skólastarfið í MS, marka stefnuna og gera árlegar aðgerðaáætlanir. Þar ber fyrst að nefna námsárangur en einnig eru upplýsingar um skólasókn nemenda eftir námsárum og samanburð milli ára geymdar. Einnig má nefna tölur um fjarvistir starfsmanna,

viðveru á kennarafundum, fræðslufundum og örnámskeiðum sem haldin eru í MS.


12. Viðhorf og þekking nemenda í 1. bekk á menningu MS

Á vorönn 2009 var lögð fyrir fyrstu bekkinga könnun á viðhorfum og þekkingu á menningu MS. Úrtakið var 102 nemendur. Þekkingin var mæld á skala frá 1 til 10 og var meðaltalið 4,3. Viðhorf nemenda til MS voru mæld á skala frá 1 til 5 og var meðaltalið 3.8 með cronbach Alpha .75. Enginn tölfræðilegur marktækur munur fannst á viðhorfum til MS né þekkingu eftir kyni, braut, ættingjum í MS, áformum um háskólanám og forgangi MS í umsókn.

Á eftirfarandi myndriti sjást dæmi um atriði með hæsta og lægsta meðaltalið á viðhorfaskalanum.




Athygli vakti að strax í 1. bekk er meirihluti nemenda ákveðinn í að ljúka háskólaprófi eða 61%.



Nemendur virðast ekki góða þekkingu á fjölda eininga til stúdentsprófs því aðeins 46% nemenda vissu að þær eru 140 og álíka margir eða 40% töldu einingarnar aðeins vera 120 eins og sést á eftirfarandi skífuriti.


Hvað þarf að ljúka mörgun námseiningum til stúdentsprófs í MS að lágmarki?



13. Mat á tilraun um lotunám

Skólaárið 2009-2010 er verið að gera tilraun með lotunám í 1. bekk félagsfræðabrautar í þremur námsgreinum, ensku, félagsfræði og jarðfræði. Lagt er mat á þessa tilraun í þeim tilgangi að þróa lotubundið bekkjarkerfi og meta kosti þess og galla. Beitt er ýmsum aðferðum við matið t.d. skýrslum kennara eftir hverja lotu, könnunum meðal nemenda og kennara sem taka þátt í tilraunastarfinu, rýnihópi nemenda og umræðum á vikulegum fundum lotukennara með stjórnendum skólans.


Visbendingar eftir fyrstu lotuna benda til þess að nemendur og kennarar séu frekar ánægðir með lotunámið, mikil ánægja er með símat, mikillar virkni er krafist af nemendum í kennslustundum og góður vinnuandi ríkir í bekkjunum. 66% kennara og 57% nemenda telja að nemendum takist mjög eða frekar vel að uppfylla kröfur um heimanám, sjá meðfylgjandi myndrit.



Helstu erfiðleikar sem komið hafa fram eru að nemendum finnst of hratt farið yfir námsefnið, erfitt að einbeita sér að náminu í 4 tíma lotum, þeim finnst að fjölbreytni mætti vera meiri og telja raunmætingu sérstaklega erfiða í lotunáminu. Nemendum með dyslexíu finnst

lotunámið erfitt í ensku. Á eftirfarandi myndriti má sjá dæmi um viðhorf nemenda til lotunáms.

Mat nemenda á lotunámi eftir 1. lotu haust 2009 - Heildin



14. Starfshópar

Ýmsir starfshópar sem unnu að því að bæta skólastarfið voru starfandi innan MS á árinu 2009. Verkefnisstjóri stýrir starfi hvers hóps og þar eru fulltrúar kennara og í sumum þeirra einnig fulltrúar nemenda. Eftirfarandi starfshópar störfuðu á árinu 2009:

Vorönn 2009:

- Sjálfsmatshópur
- Starfendarannsóknir
- Stýrihópur framtíðarmála

- Vinnuumhverfisnefnd

Haustönn 2009:

- Lotuhópur (um tilraun um lotunám)
- Sjálfsmatshópur
- Starfendarannsóknahópur
- Stýrihópur framtíðarmála
- Vinnuumhverfisnefnd

Að auki starfa verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum þ.e. endurmenntunarstjóri, tveir félagsmálafulltrúar, forvarnarfulltrúi, hirðmeistari útskriftar, jafnréttisfulltrúi, tækjastjóri, tölvuumsjónarmaður, verkefnisstjóri með Námsnetinu, verkefnisstjóri um erlent samstarf og verkefnisstjóri um umsjón í 1. bekk.

15. Sjálfsmat og árangurstenging launa

Stefnt er að því að launakjör við skólann endurspegli vilja skólans til að standa í fremstu röð. Í stofnanasamningi MS og KÍ er ákvæði um árangurstengingu launa með það í huga að hægt sé að bregðast hratt við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi skólans og er þetta ákvæði endurskoðað árlega. Markmið með árangurstengingu eru að efla faglegt starf, skerpa á sérhæfingu skólans, styrkja þverfagleg vinnubrögð, ýta undir nýsköpun í skólastarfi og bæta samkeppnisaðstöðu skólans.

Hlutfall heildarlauna kennara sem varið er til þess að árangurstengja laun er svipað og var á síðasta ári eða 3%. Á vorönn 2009, var úthlutað án umsókna launaprepum sem byggja á niðurstöðum nemendakönnunar. Stuðst er við reikniviðmið sem var útbúið vorið 2007 og tekur tillit til frávika frá meðalgildi nemendakönnunar hvers námsárs og fjölda nemenda í hverjum hópi sem tekur þátt í könnun. Fyrir skólaárið 2009-2010 geta kennarar sótt

um tímabundna viðbótarröðun á grundvelli þróunar- og nýbreytnistarfs og samstarfs við kennara. Úthlutun viðbótarlaunaprepa vegna umsókna byggist á ákveðnu matskerfi sem samstarfsnefnd KÍ og MS hefur útfært og kynnt fyrir kennurum. Auk þess geta kennarar sótt um þróunarstyrki vegna innleiðingar nýrrar skólanámskrár og aðlögunar að lotubundnu bekkjarkerfi.

16. Áætlanir og úttektir á húsnæði og aðbúnaði

Árið 2003 var gerðu Reykjavíkurborg og ríkið samkomulag um uppbyggingu húsnæðis við fimm framhaldsskóla í Reykjavík, þar á meðal Menntaskólinn við Sund. Frá þeim tíma hefur verið unnið að endurbótum á þeim hluta húsnæðis skólans sem ljóst er að verði ekki hreyft við þegar byggingaframkvæmdir hefjast. Áætlun skólans gengur út á það að búið verði að koma „eldra húsnæði“ skólans í gott horf áður en framkvæmdir við nýbyggingu hefjast. Markmið lagfæringa og breytinga hafa í raun verið þrjúþætt:

- Lagfæra og endurbæta öll þau atriði sem snúa að öryggismálum í samræmi við athugasemdir frá Vinnueftirliti ríkisins og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Viðbragðsáætlun var endurskoðuð og kynnt lykilstarfsmönnum MS og brunaæfingar hafa verið haldnar. Einnig var handbók um öryggismál í MS (112) endurskoðuð og bætt inn ákvæðum um viðbrögð við jarðskjálfta og vá að mannavöldum.
- Lagfæra og endurbæta atriði sem snúa að Vinnuvernd og heilbrigðismálum í samræmi við markmið skólans og athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, nú Heilbrigðisviði Reykjavíkur. Árið 2008 var skipaður vinnuumhverfisstjóri sem heldur utan um þessi mál og gerir tillögur til stjórnenda. Nefnd honum til stuðnings skipa rekstrarstjóri, öryggistrúnaðarmaður og rektor. Vinnuumhverfisstjóri hefur haft yfirumsjón með útgáfu handbókar

112 og framkvæmd þar sem æfð hefur verið rýming vegna eldsvoða.

- Breyta og laga aðstöðu starfsfólks og nemenda þannig að nýting rýmis verði eins góð og kostur er og í samræmi við markmið skólans að bjóða aðeins upp á fyrsta flokks vinnuástöðu. Á árinu 2009 var unnið að lagfæringum varðandi hljóðburð og lýsingu í Prísteini og gluggar endurnýjaðir.

Skólinn hefur árlega skilað áætlun um viðhald og endurbætur á húsnæði skólans til Fasteigna ríkisins. Þar hefur framkvæmdum verið forgangsraðað í samræmi við ofangreind atriði með það meginmarkmið að forðast tvíverknað.

Ljóst er að ekki verður staðið við tímaramma um framkvæmdir við fimm framhaldsskóla í Reykjavík. Víst er að seinkun á byggingarframkvæmdum við MS mun hafa í för með sér kostnaðarsamt viðhald og lagfæringar, m.a. í Langholti, eigi skólinn að uppfylla kröfur um öryggi og heilbrigðismál. Á meðan óvissa ríkir um það hvenær framkvæmdir við nýbyggingu við skólann hefjast verður sífellt erfiðara að skipuleggja viðhaldsverkefni sem tengjast þeim hluta skólans sem nýbygging mun hafa áhrif á.

Lokaorð

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í skólastarfinu í MS. Tekist hefur að byggja upp formlegt, altækt og fjölbreytt sjálfsmatskerfi þar sem allir, bæði starfsfólk og nemendur, taka virkan þátt í að meta skólastarfið og setja fram tillögur um úrbætur. Lögð hefur verið áhersla á að sjálfsmatið sé eðlilegur og sjálfsagður hluti af skólastarfinu auk þess sem unnið er að því að brydda upp á nýjungum og þróa matið áfram. Rýnihópur nemenda um mat á tilraun um lotunám er nýjung í vetur.

Ákveðið var að endurtaka könnun um viðhorf og þekkingu nemenda MS á vorönn 2010 og þá meðal nemenda í 4. bekk svo hægt verði að bera saman viðhorf og þekkingu nemenda við upphaf og lok skólagöngu þeirra í MS. Sjálfsmatshópur og allir sem tóku þátt í matinu á árinu 2009 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 29. mars 2010

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor